

Ed.

105. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á lögum nr. 54 frá 27. júní 1925, um mannanöfn.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða fleirum og kenna sig til föður, móður, kjörföður eða kjörmóður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi.

2. gr.

4. gr. laganna hljóði svo:

Eigi mega menn bera nöfn sem teljast afkáraleg eða kunna að valda óþægindum þeim sem bera þau. Hagstofa, prestar eða aðrir, sem skírn annast, skulu hafa eftirlit með að þessum ákvæðum sé fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

3. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Nú vill maður breyta nafni sínu, bæta við það eða fella niður hluta þess og getur hann þá sótt um leyfi til þess til stjórnarráðsins ef hann er ekki orðinn lögráða. Slíkt leyfi verður aðeins veitt einu sinni.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður. 7. gr. laganna verði 6. gr.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Lög nr. 54 frá 1925, um mannanöfn, eru gömul orðin og um sumt ekki lengur í samræmi við viðhorf nútímans. Lögin bera greinileg merki sjálfstæðisbaráttunnar og viðleitni til að útiloka erlend áhrif á mannanöfn. Frelsi manna til nafngifta er skert meira en ætla má að samræmist viðhorfum manna nú.

Frumvarp þetta miðar að því að færa löggjöfina til samræmis við þau viðhorf sem ætla má að nú ríki með þjóðinni. Sú hugsun er lögð til grundvallar, að menn eigi að ráða sjálfir nafni sínu í sem ríkustum mæli og það frelsi eigi aðeins að takmarkast af þeim þjóðfélags-hagsmunum sem brýnir mega teljast. Þær breytingar, sem eru lagðar til, eru að verulegu leyti staðfesting á ástandi sem þegar er orðið þrátt fyrir ákvæði gildandi laga.

Verður nú vikið að hverri grein fyrir sig:

1. gr. Hér er lagt til að mönnum verði heimilt að heita fleiri en tveim nöfnum. Í raun er það ekki óalgengt að menn beri fleiri en tvö nöfn þrátt fyrir ákvæði gildandi laga, enda ekki sjáanlegir þeir þjóðfélagslegu hagsmunir sem mæli gegn slíku.

Þá er lagt til að menn geti kennt sig við kjörmóður jafnt sem kjörföður.

2. gr. Hér er lagt til að felldur verði niður hinn strangi áskilnaður 4. gr. núgildandi laga um að nöfn skuli vera „rétt að lögum íslenskrar tungu“. Sú krafa er óeðlilega ströng og ekki í samræmi við þær nafngiftir sem raunverulega viðgangast nú á dögum, enda eru sögulegar forsendur ákvæðisins ekki lengur fyrir hendi.

Hins vegar er látið halda sér ákvæði 1. gr. um að menn skuli heita íslensku nafni, enda gefur það ákvæði fullt svigrúm til að meta á grundvelli viðhorfa hvers tíma hvað telja skuli íslenskt.

Þá er nýtt ákvæði um að nöfn megi ekki vera afkáraleg eða líkleg til að valda óþægindum þeim sem bera þau. Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að virðingu fyrir nafngiftum og koma í veg fyrir að þau valdi óþægindum eða móðgunum, bæði þeim, sem nafnið ber, og öðru fólki.

3. gr. Í gildandi lögum eru strangar skorður settar við breytingum á nöfnum manna. Slíkar skorður eiga að því leyti rétt á sér, að þjóðfélagslegir hagsmunir krefjast þess að fest sé í nafngiftum og menn beri almennt sama nafn alla ævi. Hins vegar geta legið mjög persónulegar ástæður til þess, að menn vilji breyta nafni sínu, ástæður sem geta verið mjög brýnar að mati viðkomandi.

Hér er lagt til að menn geti fengið nafni sínu breytt og ekki lagðar við efnislegar skorður. Hlýtur það að vera persónulegt mat hvers og eins hvort hann unni nafni sínu. Hins vegar er lagt til að menn njóti þessa réttar aðeins fram til þess að þeir verða lögráða. Hugmyndin er sú, að mönnum verði gert auðvelt að breyta nafni fram til þess tíma, en síðan verði því ekki breytt. Þá er lagt til að menn fái aðeins einu sinni leyfi til nafnbreytingar.

Að sjálfsögðu verður hið nýja eða breytta nafn að samræmast ákvæðum laga.

4. gr. Ákvæði 6. gr. laganna hefur ekki verið framfylgt um hríð og það verður óþarft við samþykkt þessa frumvarps.

5. gr. Þarfnast ekki skýringa.